

Sp.

572. Tillaga

til þingsályktunar um verzlunarerindreka í Mið-Evrópu.

Flm.: Finnur Jónsson og Páll Þorbjörnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að setja hið allra fyrsta verzlunarerindreka fyrir Ísland í Mið-Evrópu og leita samkomulags um launagreiðslu við bankana á sama hátt og nú er um laun verzlunarerindrekans á Spáni.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, þrengist markaður fyrir sölu sjávarafurða með ári hverju, og er flestum markaðs- og sölumálum nú orðið ráðið með samningum milli ríkja. Sú þjóð, sem ekki er vakandi fyrir þessu, verður útundan um sölu. Sölmöguleikar vorir fyrir íslenzkan fisk til Suður-Evrópu hafa stórum minnkað á þessu ári, og hlýtur þörfin fyrir breyttar verkunaraðferðir á fiski að vera öllum augljós. Liggur meðal annars fyrir, að gera þurfi nú þegar tilraunir um sölu á hraðfrystum fiski, og þá eigi sízt til Mið-Evrópu. Einnig þyrfti að auka sölu þangað á ísuðum fiski, ef mögulegt er. Þá má geta þess, að mikið af sild og sildararafurðum er selt til Mið-Evrópu. Keppinautar vorir leggja alla stund á að halda þeim markaði, er þeir um langan áldur hafa haft í þessum löndum, en okkur Íslendingum er mikil þörf á að halda því, sem þegar er unnið á þessum slóðum, og vinna nýja markaði. Þarf því að hafa vakandi auga á öllu, sem gerist í þessum málum. Að framangreindum ástæðum athuguðum, telja flutningsmenn brýna nauðsyn á að skipa nú þegar verzlunarerindreka í Mið-Evrópu. Um aðsetur hans, ef fast á að vera, telja flm. rétt, að hæstv. ríkisstjórn ákveði.